

**Fundargerð samstarfsnefndar
Þroskaþjálfafélags Íslands
og
Áss styrktarfélags**

Fundur samstarfsnefndar Þroskaþjálfafélags Íslands og Áss styrktarfélags var haldinn föstudaginn 17. janúar 2025 og hófst kl. 13:00.

Fundinn sátu: Laufey Elísabet Gissurardóttir og Anna Lilja Magnúsdóttir, f.h. Þroskaþjálfafélags Íslands. Þóra Þórarinsdóttir og Ásta Hrönn Ásgeirsdóttir, f.h. Áss styrktarfélags.

1. Fastar greiðslur til starfsfólks vinnu- og virknimiðaðri stoðþjónustu

Fulltrúar Áss styrktarfélags kynntu að fastar greiðslur til dagvinnustarfsfólks/þroskaþjálfara í vinnu- og virknimiðaðri stoðþjónustu (bein þjónusta) á grundvelli gr. 1.1.3 í kjarasamningi aðila, skv. ákvörðun velferðarsviðs, verða með eftirfarandi hlutfallshækkunum, 3,25% þann 1. apríl 2024, 3,5% 1. apríl 2025, 3,5% 1. apríl 2026 og 3,5% 1. apríl 2027 til eftirtalinna starfa félagsmanna Þroskaþjálfafélags Íslands;

| Starfsfólk í vinnu- og virknimiðaðri stoðþjónustu | | | | |
|---|----------|----------|----------|----------|
| | 1.4.2024 | 1.4.2025 | 1.4.2026 | 1.4.2027 |
| Þroskaþjálfari og yfirþroskaþjálfari 1 | 57.900 | 59.926 | 62.023 | 64.194 |

Deildarstjórar í vinnu- og virknimiðaðri stoðþjónustu fá 8 einingar í samkomulagi um önnur laun á grundvelli gr. 1.1.3 í kjarasamningum Áss styrktarfélags. Fyrir undirritun kjarasamnings var einingarverðið kr. 10.675,- og verður kr. 11.022 ,- Einingarnar hækka með sömu hlutfallshækkunum og segir hér að ofan við gildistöku hvernar launatöflu.

2. Vegna yfirþroskaþjálfara í búsetu og launasamsetningar eftir breytingu á betri vinnutíma í dagvinnu.

Deildarstjórar í búsetu verða ráðnir inn sem vaktavinnumenn þar sem föst rúlla verður sett upp sem inniheldur eina helgi í mánuði og tvo daga í viku þar sem vinnutími nær yfir vaktaskipti seinni part. Passa þarf að vinnutíminn nái þeim fjölda sem þarf til þess að 12,5% vaktahvati náist.

Deildarstjórum sem eru nú þegar í starfi hjá Ási Styrktarfélagi skal gefinn kostur á að velja hvort þeir vilja halda sig við dagvinnu eingöngu eða verða vaktavinnustarfsmaður og taka upp það fyrirkomulag sem lýst er hér að ofan. Allir nýir deildarstjórar verða ráðnir inn samkvæmt nýju fyrirkomulagi.

3. Vegna forstöðumanna og annarra launa.

Ás Styrktarfélag mun taka upp fyrirkomulag sambærilegt Reykjavíkurborgar um önnur laun forstöðumanna sbr. Verklag um viðmið fyrir önnur laun. Skoða þarf verklag Reykjavíkurborgar og aðlaga það að Ási Styrktarfélagi. Skal þeirri vinnu lokið 1.september 2025 og kynnt fyrir Þroskaþjálfafélagi Íslands. Breyting á núverandi fyrirkomulagi fastrar yfirvinnu, yfir í fyrirkomulag annarra launa taka gildi frá og með 1.september 2025.

4. Viðbótargreiðslur fyrir starfsfólk í búsetukjörnum og vinnu og virkni vegna erfiðleikaálags

Það starfsfólk sem sinnir skjólstæðingum sem krefjast aukins álags fá greiðslu fyrir hverja klst. sem auka álagið varir. Starfsfólk sem sinnir þessu verkefni stimplar sig sérstaklega inn á hvert verk fyrir sig í gegnum tímaskráningarkerfi Ás. Þroskaþjálfari fær greitt sem nemur kr. **386** pr. klst.

(gr. launaflokkur 266-7 mínus gr. launaflokkur 266-1 deilt í 156)

Yfirþroskaþjálfari 1 fær greitt sem nemur kr. **420** pr. klst.

(gr. launaflokkur 267-7 mínus gr. launaflokkur 267-1 deilt í 156)

Komi til breytinga á starfsmannatali Ás styrktarfélagi þá getur komið til breytingar á reikniforsendum álagsins. Ás mun fylgjast með miðgildi þrepa starfsmanna hópsins og komi til breytingar á því þá munu samningsaðilar taka upp samtalið með reikniforsendum og hvort megi breyta þeim.

Fyrirkomulag þetta tekur gildi um leið og tímaskráningarkerfi er tilbúið, stefnt er að því að það verði eigi síðar en 1.mars 2025.